



Meðferð innbús í skemmdum húsum í Grindavík

Hvað á eigandi að gera?



Ef innbú liggur undir skemmdum t.d. vegna hita- eða rafmagnsleysis ber eiganda að forða því frá frekara tjóni. Eigandi þess gæti því t.d. flutt það úr húsinu og komið því fyrir á öðrum stað. Eigandi ætti að tilkynna sínu tryggingafélagi um nýja staðsetningu þannig að innbúið sé váttryggt á nýjum stað. NTÍ gerir ekki kröfu um sérstaka meðferð innbús sem ekki hefur orðið fyrir tjóni eða liggur undir skemmdum.

Meðferð skemmdra muna



Ef munir eru augljóslega skemmdir er heppilegast að skilja þá eftir á tjónsstað og senda tjónstilkynningu til NTÍ á www.nti.is. Matsmenn munu þá hafa aðgang að þeim til tjónamats þegar þeir mæta á staðinn.

